

Lög foreldrafélags Seyðisfjarðarskóla

1. grein

Félagið heitir foreldrafélag Seyðisfjarðarskóla. Félagar eru:

- a) Foreldrar og forráðamenn nemenda skólans
- b) Tengiliður kennara og aðrir áhugasamir

2. grein

Markmið félagsins er:

- a) Að koma á lifandi sambandi milli skólans og heimila nemenda skólans
- b) Að stuðla að framkvæmd ýmissa mála í þágu skólans

3. grein

Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því að:

- a) Að halda fundi þar sem fjallað er um ýmis uppeldisfræðileg efni
- b) Að veita aðstoð í starfi skólans vegna félagsstarfa og skemmtana í þágu nemenda, einnig er varðar námsferðir og fleira
- c) Að styðja menningarviðleitni innan skólans, svo sem tónlist, bókmenntir og sérhvað það annað sem að gagni má koma fyrir skólann.

4. grein

Upphæð félagsgjalda er ákveðin frá ári til árs á aðalfundi og dugir einfaldur meirihluti fundarmanna til að ákveða þau.

5. grein

- a) Fimm fulltrúar skipa aðalstjórn foreldrafélagsins og eru kosnir á aðalfundi foreldrafélagsins. Þeir skipta með sér hlutverkum formanns, ritara, gjaldkera og meðstjórnenda. Einnig skal skipa varastjórn, tvo fulltrúa. Hver fulltrúi situr tvö ár í stjórn.
- b) Foreldrafélagið sér um að manna 2 fulltrúa foreldra í skólaráð og þriðja mann úr grenndarsamfélaginu.**
- c) Stjórn foreldrafélagsins tilnefnir fulltrúa foreldra í fræðslumálanefnd.**

6. grein

Aðalfundur skal halda í apríl hvert ár. Til hans skal boða með minnst einnar viku fyrirvara. Fundurinn telst löglegur ef löglega er til hans boðað.

7. grein

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og ræður einfaldur meirihluti fundarmanna.

Seyðisfirði

30. apríl 2013

5gr Þrír menn skipa stjórn foreldrafélagsins og eru kosnir á aðalfundi foreldrafélagsins. Þeir skipta með sér hlutverkum formanns, ritara og gjaldkera. Einnig skal skipa varastjórn, tvo fulltrúa. Hver fulltrúi situr tvö ár í stjórn.

Breytingartillaga: „Fimm fulltrúar skipa aðalstjórn foreldrafélagsins og eru kosnir á aðalfundi foreldrafélagsins. Þeir skipta með sér hlutverkum formanns, ritara, gjaldkera og meðstjórnenda. Einnig skal skipa varastjórn, tvo fulltrúa. Hver fulltrúi situr tvö ár í stjórn.

Allir aðalmenn og varamenn boðaðir á alla fundi. Eykur hugarflæði. Aðalmenn eiga atkvæðisrétt ef það á við- en almennt skiptir það ekki máli.

Atkvæðagreiðsla: Lagbreytingartillaga er einróma samþykkt á aðalfundi 22. maí 2014

Tillaga að breytingum laga á næsta aðalfundi:

- Nafni félagsins breytt úr „foreldrafélag Seyðisfjarðarskóla“ í „foreldrafélag grunnskóladeildar Seyðisfjarðarskóla“.
- b liður 5. gr: „Foreldrafélag sér um að manna 2 fulltrúa foreldra í skólaráð og þriðja mann úr grenndarsamfélaginu“. Tillagan er: „Foreldrafélag mannar einn fulltrúa úr stjórn félagsins.“
- Einnig fella brott c lið.